

Fundargerð BRÚAR

Fyrsti fundur Brúar, umræðuvettvangs um skólamál.

Tími: 28. nóv. 2007 kl. 16-18.

Staður: Salurinn Fríkirkjuvegi 1.

Fundarstjóri: Ragnar Þorsteinsson fræðslustjóri.

Fundargestir voru samtals 38 einkum úr leikskólum, grunnskólum, KHI, Menntasviði og þjónustumiðstöðvum. Meðal þeirra var Dagur B. Eggertsson borgarstjóri.

1. Ragnar Þorsteinsson bauð gesti velkomna.
2. Formaður leikskólaráðs Sigrún Elsa Smáradóttir flutti stutt ávarp.
3. Formaður menntaráðs Oddný Sturludóttir flutti stutt ávarp og skýrði hugmyndina að baki Brúar og hvatti fundarmenn til að koma tillögum í tengslum við verkefnið á framfæri til formanna ráðanna. Hún gerði einnig grein fyrir fræðslufundum sem eru á döfinni.
4. Dr. Gerður G. Óskarsdóttir gerði grein fyrir rannsóknarverkefni sínu um skil skólastiga, en niðurstöður þess gætu nýst borgaryfirvöldum við stefnumótun í menntamálum og einstökum skólum við þróun starfshátta. Rannsóknin er unnin fyrir Menntasvið Reykjavíkurborgar og ráðgert að hún taki tvö ár. Gerður fjallaði um þau skil sem geta orðið á námsferli einstaklingsins en þar á meðal eru skilin milli leik- og grunnskóla og grunn- og framhaldsskóla. Rannsóknarspurning hennar er: *Hver er samfellan í námi einstaklings annars vegar frá leikskóla til grunnskóla og hins vegar frá grunnskóla til framhaldsskóla með áherslu á inntak námsins og starfshætti.* Gerður gerði grein fyrir rannsóknaraðferðum sínum sem eru fjölbreyttar, t.d. vettvangathuganir, rýnihópar, spurningalistar og viðtöl.

Þar sem rannsóknin er ekki komin langt á veg greindi Gerður lítið frá niðurstöðum. Hún sagði frá þeim þáttum í rannsókn sinni sem hún hefur þegar lokið í leikskólum og 1. bekkjum grunnskóla. Gerður sagði frá samstarfi leik- og grunnskóla og benti á að börn í grunnskólum fengu kynningu á næsta grunnskóla en mörg þeirra færu ekki endilega í þann skóla sem er í næsta nágrenni leikskólans. Gerður fjallaði um athugun sína á þekkingu 5 ára barna í nokkrum leikskólum, en niðurstöður benda til þess að þekking þeirra og kunnátta í lestri sé ef til vill meiri en almennt er gert ráð fyrir, sérstaklega þar sem ekki er um formlega stafa- eða lestrarkennslu að ræða í leikskólanum, en 85% hópsins gat lesið einfaldar setningar. Gerður bar saman stundatöflur leikskólanna innbyrðis og grunnskólanna innbyrðis en einnig þvert á til að bera saman skólastigin. Hún taldi meiri innbyrðis mun á skipulagi grunnskólanna, sem hún hefur heimsótt, en leikskólanna. Gerður mun m.a. bera saman mönnun á nemanda, en það kom henni á óvart að munurinn milli mönnunar leik- og grunnskóla virtist minni en hún hafði haldið. Gerður sagði frá því að hún væri einnig farin að skoða niðurstöður spurningalista meðal framhaldsskólanemenda, m.a. um námskröfur og undirbúning sem nemendur telja sig hafa fengið fyrir framhaldskólann.

5. Ingibjörg Jóhannsdóttir, skólastjóri Myndlistaskólans í Reykjavík sagði frá samstarfi við leik- og grunnskóla og fjallaði um hvernig unnið er með verkefni þvert á aldur og skólastig. Breiður aldurshópur er í Myndlistaskólanum sem spannar allt frá þriggja ára gömlum nemendum til áttatíu ára. Hluti nemenda er í fullu námi á meðan aðrir eru í námi samhliða öðru námi eða vinnu. Ingibjörg sagði frá verkefnum sem ólíkir

aldurshópar eru að vinna, stundum sambærileg verkefni hlið við hlið. Sami kennarinn kennir t.d. nemendum á aldrinum 3 – 5 ára og nemendum í LHI og er í raun að vinna með sömu verkefni og gefur nemendum kost á að skoða myndverk hverra annarra. Það sem kennaranum þykir áhugaverðast við kennslu þessara tveggja hópa er að það þarf að hjálpa þeim eldri til að opna dyr sem hafa lokast og hjálpa þeim yngri að opna nýjar dyr að óþekktum upplifunum með varfærni. Í skólanum eru 700 nemendur við nám og 100 leiðbeinendur sem koma að kennslu á hverju ári. Myndlistaskólinn hóf samstarf við leikskólann Dvergastein 1999 en hefur síðan jafnt og þétt aukið samstarf við fleiri skóla, grunnskóla og aðrar stofnanir. Hann er nú í samvinnu við fjóra svokallaða kjölfestuleikskóla þar sem unnið er námsefni og prufukeyrðar hugmyndir sem síðan eru boðnar fram til fleiri leikskóla í formi sem kallast *Þrennan* og er nokkurs konar kynning og innleiðsla á vinnu Myndlistaskólans með yngstu börnunum. Þrennan felst í því að leikskólabörn koma þrisvar í heimsókn í MÍR í fylgd leikskólakennara. Næsta skref er endurmenntunarnámskeið fyrir leikskólakennarana, en lokaferlið felst í því að myndlistakennarar fara út í leikskólana til að leita nýrra möguleika þar. Hvatti Ingibjörg til þess að listaskólar og fyrirtæki í samfélaginu kæmu meira inn í skólana - og ekki síst að loknum hefðbundnum skóladegi og vísaði þar til samstarfs þessara hópa í Finnlandi.

6. Pallborðsumræður. Fyrirlesarar sátu í pallborði. Ragnar Þorsteinsson stýrði fyrirspurnum og umræðum.

Fjörugar umræður sköpuðust m.a. var rætt um lestrargetu nemenda, um hlutföll starfsmanna í leik- og gunnskólum, hvort þörf væri á endurskoðun kennslu í grunnskólanum og hvort hugsanlega ætti að gera skólaskiptin meira einstaklingsmiðuð þannig að nemendur færu á milli skólastiga þegar þeir væru tilbúnir til þess en ekki endilega miðað við fæðingarár. Rætt var um hvort leikskólinn kenndi lestur og hvort hann ætti að gera það, hvort skil milli skólastiga þyrftu alltaf að vera neikvæð eða hvort hugsanlega væri einhver ávinningur af þeim. Rætt var um að leikskólinn byggði meira á áhuga barnsins en grunnskólinn gerir. Bent var á nauðsyn þess að auka samstarf leik- og gunnskólakennara. Fram kom að einnig væri verið að byggja brú í KHI þar sem nemendum á leik- og grunnskólabraut væri kennt saman.

Ragnar þakkaði fyrirlesurum og þátttakendum fyrir fundinn, tók saman helstu áherslur og sleit fundi.

Fundi slitið kl. 18.

Nanna Christiansen, fundarritari.